

Reykjanesbær, bt. bæjarstjóra
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Sveitarfélaginu Vogum, 24. september 2023
Málsnúmer: 2104141

Efni: Valkostagreining vegna sameiningar sveitarfélaga

Á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 20. september síðastliðinn samþykkti ráðið að fela undirrituðum að kanna hvort grundvöllur væri til frekari viðræðna við nágrannasveitarfélögin um mögulega sameiningu Sveitarfélagsins Voga og eins eða fleiri sveitarfélaga á svæðinu.

Afgreiðsla bæjarráðs:

Valkostagreining vegna sameiningar sveitarfélaga - 2104141


Bæjarstjóri fer yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.

Á grundvelli þeirrar valkostagreiningar sem unnin var á síðasta kjörtímabili og fyrirliggjandi markmiða felur Bæjarráð bæjarstjóra að vinna áfram að málinu í samstarfi við ráðgjafa sveitarfélagsins og kanna frekari grundvöll viðræðna. Skal niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en að 6 mánuðum liðnum.

Með vísan til ofangreinds óska ég eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins til þess að ræða málefnið og kanna hvort grundvöllur sé til þess að skoða það frekar, t.d. með óformlegum könnunarviðræðum sem miða að því að meta kosti og ókosti sameiningar.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,



Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri